

2008 nr. 66 7. júní

Lög um Landeyjahöfn

Tóku gildi 12. júní 2008. Breytt með: L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 59/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013). L. 155/2018 (tóku gildi 10. jan. 2019).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfrasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra eða samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. *Markmið.*

□ Markmið laga þessara er að styrkja samgöngur milli lands og Vestmannaeyja með því að setja reglur um uppbryggingu og rekstur ferjuhafnar í Bakkafjörú í Landeyjum, Rangárþingi eystra, sem hefur hlotið heitið Landeyjahöfn.

■ 2. gr. *Fjármögnun og yfirstjórn.*

□ [Ráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn málefna Landeyjahafnar nema annað sé ákveðið í öðrum lögum og annast [Vegagerðin]²⁾ þátt ríkisins samkvæmt lögnum nema lög kveði á um annað.

□ Landeyjahöfn skal byggð og rekin fyrir framlög úr ríksjóði eins og þau eru ákveðin í samgönguáætlun og fjárlögum hverju sinni.

¹⁾ L. 126/2011, 481. gr. ²⁾ L. 59/2013, 35. gr.

■ 3. gr. *Eignarhald og rekstur hafnarinnar.*

□ Landeyjahöfn er að fullu í eigu íslenska ríkisins.

□ [Vegagerðin]¹⁾ hefur umsjón með byggingu og rekstri Landeyjahafnar, ber ábyrgð á rekstri hennar og fer með verk-efni hafnarstjórnar samkvæmt hafnalögum. Notendum hafnarinnar er heimilt að skjóta ákvörðunum [Vegagerðarinnar],¹⁾ öðrum en gjaldskrákvörðunum, til [ráðherra].²⁾ Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

□ Með rekstri hafnarinnar er átt við forræði yfir höfn og hafnarsvæði, þ.m.t. uppbrygging hafnarinnar, viðhald og rekstur.

□ Eignum og tekjum Landeyjahafnar má aðeins verja í viðhald og rekstur hafnarinnar.

□ [Vegagerðinni]¹⁾ er heimilt að gera þjónustusamning um rekstur hafnarinnar og hefur eftirlit með framkvæmd hans. Um hann gilda reglur um þjónustusamninga ríkisins.

¹⁾ L. 59/2013, 35. gr. ²⁾ L. 162/2010, 255. gr.

■ 4. gr. *Eignarnámsheimild.*

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að ákveða, að fengnum tillögum [Vegagerðarinnar],²⁾ að ríkið taki eignarnámi nauðsynlegt land fyrir Landeyjahöfn, enda komi fullar bætur fyrir.

□ Landeiganda ber að leyfa efnistöku í landi sínu á því efni sem þarf til hafnargerðarinnar, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Þá er [ráðherra]¹⁾

heimilt að ákveða, að fengnum tillögum [Vegagerðarinnar],²⁾ að ríkið taki eignarnámi land er þarf fyrir varnargarða meðfram Markarfljóti og Álunum og sjóvarnargarða, svo og land til þess að gera brautir og veggir er því tengjast.

□ [Ráðherra]¹⁾ afhendir [Vegagerðinni]²⁾ þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi skv. 1. og 2. mgr.

□ Það er ekki skilyrði þess að eignarnám skv. 1. eða 2. mgr. geti farið fram að áður hafi verið leitað samninga um land við landeigendur, hvort sem er vegna lands eða efnistöku.

□ Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta fer eftir lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

¹⁾ L. 162/2010, 255. gr. ²⁾ L. 59/2013, 35. gr.

■ 5. gr. *Landgræðsla.*

□ Landeiganda er skyldt að heimila uppræðslu sands á Bakkafjörú sem nauðsynleg er að mati [Vegagerðarinnar]¹⁾ og [Landgræðslunnar]²⁾ til að hefta sandfok við Landeyjahöfn og aðkomuvegi að höfninni án þess að til komi bætur. Mörk landgræðslusvæðis eru frá stórstrausfjöruborði í suðri, Bakkafugvelli og upp að Álunum í norðri, Markarfljóti í austri og vatnsleiðslu Vestmannaeyjabærar í vestri.

□ Landeigandi hefur ekki heimild til að nýta land sem rækt-áð er samkvæmt ákvæði þessu til beitar eða á nokkurn annan hátt nema með samþykki [Landgræðslunnar].²⁾

¹⁾ L. 59/2013, 35. gr. ²⁾ L. 155/2018, 28. gr.

■ 6. gr. *Reglugerðarheimild.*

□ Heimilt er að setja reglugerð¹⁾ um Landeyjahöfn þar sem m.a. mörk hafnarinnar bæði á sjó og landi eru nánar tilgreind, fram koma starfsheimildir hafnarinnar og heimild til umferðar á hafnarvæðinu auk annarra atriða er varða öryggi, mengunarvarnir og slysavarnir í höfninni.

¹⁾ Rg. 590/2010.

■ 7. gr. *Gjaldtökuhemild.*

□ Ráðherra er heimilt að setja gjaldskrá til innheimtu gjalda vegna kostnaðar við þjónustu og framkvæmd einstakra verka sem tengjast rekstri Landeyjahafnar. Um gjaldtökuhemild skal taka mið af 17. gr. hafnalaga, nr. 61/2003, eftir því sem við á.

□ Kostnaður við rekstur hafnarinnar greiðist að öðru leyti af framlögum sem ákvörðuð eru í samgönguáætlun í samræmi við ákvæði fjárlaga hverju sinni.

■ 8. gr. *Gildissvið.*

□ Þar sem lögum þessum sleppir gilda ákvæði hafnalaga, nr. 61/2003, eftir því sem við á.

■ 9. gr. *Gildistaka.*

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.